

22.02.–03.05.2020

Jóhannes S. Kjarval

Að utan
From
Abroad

Að utan

Jóhannes Sveinsson Kjarval (1885–1972) er einn ástsælasti listamaður þjóðarinnar og málverk hans og túlkun á náttúru Íslands skipa stóran sess í menningar- og listasögu landsins. Hraun, mosi, ár og fjöll víðs vegar um landið voru honum sífelld uppspretta nýrra verka og talað er um að hann hafi beint sjónum landsmanna að nýjum hliðum íslenskrar náttúru. Þrátt fyrir þau órofa tengsl sem Kjarval hefur við náttúru landsins ferðaðist hann einnig víða um lönd og vann verk á erlendri grundu. Hann stundaði nám í Danmörku og dvaldi um hríð á Englandi, Ítalíu og í Frakklandi. Hann lagði mikið upp úr því að verða fullnuma í málalistinni, kynnst lykilverkum í alþjóðlegri menningarsögu af eigin raun og kynna sér nýjustu hræringar í list samtímans.

Á sýningunni eru verk sem Kjarval vann á árunum 1911 til 1928 og eiga það öll sameiginlegt að vera gerð utan landsteina Íslands. Sýnd eru málverk og teikningar sem sjaldan koma fyrir almenningssjónir og gefa innsýn í mótunarár Kjarvals og áhrifavalda hans.

Kjarval var sveitapiltur og skútusjómaður, með sterkan ásetningu um að verða listmálari. Hann hafði lært grunnatriði teikningar og málunar í Reykjavík en hafði um árabíl barist fyrir því að komast utan til frekara náms. Fjárhagur hans var bágur en Kjarval átti dyggan stuðningshóp sem gerði sér grein fyrir hæfileikum hans og ástríðu til að verða myndlistarmaður. Félagar í Ungmennafélagi Reykjavíkur hlupu undir bagga með honum og héldu happdrætti þar sem eitt málverka Kjarvals var í vinning; draumkennd landslagsmynd sem nefnist *Íafdölum*. Tekjurnar af happdrættinu runnu í ferðasjóð fyrir listamanninn.

„En daginn sem jeg fékk 800 krónurnar fór jeg um borð í togara og sigldi beina leið til London. Jeg gat ekki hugsað mjer að heimsækja minni borg, þegar jeg loksins komst af stað.“

Svo kemst Kjarval að orði um það þegar hann komst loks í sína fyrstu för til útlanda,

26 ára gamall. Leiðin lá til Lundúna en hann sigldi þangað með togaranum Great Admiral síðla árs 1911. Dvölin í Lundúnum varði í um þrjá mánuði og hafði geysimikil áhrif á Kjarval og listsköpun hans. Hann varð fyrir miklum innblæstri, sótti söfn, las mikið og kynntist því sem var efst á baugi í stórborginni. Hann mætti beint inn í hringiðu framúrstefnunnar þar sem mótstaða gegn ríkjandi listastefnum og klassíska skólanum var kraumandi meðal listamanna. Ætla má að upplifunin af hvoru tveggja, bæði hinum klassísku listum og nýrri straumum og stefnum, hafi verið yfirþyrmandi, því að hvorugu hafði Kjarval haft aðgang að eða mikil kynni af á Íslandi. Hann talaði um það síðar að hafa fundið fyrir smæð sinni og íslensku þjóðarinnar frammi fyrir listaverkum stórþjóðanna: „Okkur hefir vantað svo margt, einnig það, sem við höldum að til frama sje og gagns og fegurðarauka fyrir líf okkar, og það eru listir svokallaðar.“

Kjarval kynntist Einari Jónssyni myndhöggvara í Lundúnum og þeir, ásamt Helga Valtýssyni rithöfundu, ákváðu að leita sér að húsnæði saman. Helgi segir skemmtilega frá í grein í Lesbók Morgunblaðsins árið 1964 og lýsir húsakynnum þeirra og aðstæðum. Þeir fengu tvö herbergi á einkaheimili hjá góðri fjölskyldu í „blindgötu lítilli og rölegri“ í King's Cross-hverfinu. Kjarval hafði haft með sér „allmikið hrafl af æskumyndum sínum: Vatnslitamyndir, olíumálverk og teikningar“. Þeir settu margar myndanna upp í dagstofunni og Einar bætti við nokkrum ljósmyndum og litlum afsteypum af verkum sínum. Dagstofan varð þannig að dálitlu listasafni, „ofurlítil íslensk hjáleiga í hjarta heimsborgarinnar!“

Kjarval taldi að sér hefði farið meira fram þann stutta tíma sem hann var í Lundúnum heldur en öll árin heima fram að því. Framfarirnar voru honum algerlega sjálfsprottnar í gegnum allan þann aragrúa af innblæstri og örvun sem borgin bauð upp á. Hann var opinn fyrir öllu, tilbúinn að læra af hverju sem var og hefur nýtt sér það til hins ýtrasta þrátt fyrir að hafa ekki farið í nám í Lundúnum. Mörg verka Kjarvals eru augljóslega innblásin

af dvölinni í stórborginni og kynnum hans af verkum evrópskra málara í National Gallery og Tate Gallery og einnig hinna bresku Williams Blake og J.M.W. Turner. Viðfangs-efni verkanna voru þó gjarnan íslensk, en stíllinn undir hinum nýju áhrifum.

Frá Lundúnum hélt Kjarval til Kaupmannahafnar en hann og Einar Jónsson urðu samferða þangað þann 1. mars 1912. Í Kaupmannahöfn komst Kjarval að í hefðbundnu undirbúningsnámi við Det Tekniske Selskabs Skole og lærði þar undirstöðuatriði í frihendis-, þrívíddar- og skuggateikningu skólaárið 1912–1913. Samgangur Kjarvals við Einar hélt áfram í Kaupmannahöfn og fjótlega eftir komuna þangað kynntist Kjarval líka Jóhanni Sigurjónssyni rithöfundi. Framan af Kaupmannahafnardvölinni var Kjarval ýmist skráður til heimilis hjá Einari eða hjá Jóhanni og Ingeborg konu hans en hann fékk um tíma að búa í herbergi hjá þeim hjónum í Charlottenlund. Þar í skóginum málaði hann heilmikið og eftir hann liggja þaðan margar skógarmyndir.

Kjarval var sífellt í fjárkröggum en námið var dýrt og kostnaðarsamt að lifa. Hann átti þó marga velunnara sem styrktu hann með ýmsu móti og sendu honum gjarnan pening. Það er ljóst að fólk batt vonir við Kjarval og hafði trú á hæfileikum hans. Fyrirverandi vinnufélagar hans hjá Skipstjórafélaginu Óldunni sendu honum til að mynda smá pening „með bestu óskum um frægd og frama“.

Í október 1913 fékk Kjarval loks inngöngu í Konunglega listaháskólann í Kaupmannahöfn og hófst þá fyrir alvöru sú faglega listmenntun sem hann hafði lengi óskað sér. Skólinn var til húsa í Charlottenborgarhöll við Kóngsins nýjatorg. Skólinn þótti gamaldags og bundinn á klafa hefðarinnar og var ekki í takt við þær róttæku áherslur í listum sem voru að gerjast meðal ungra listamanna. Kjarval gerði sér ljóst menntunarleysi sitt og samlanda sinna og taldi í raun það eina rétta fyrir sig að ljúka þessu hefðbundna námi og taka það föstum tókum. Mikil áhersla var lögð á módel- og fjarvíddarteikningu og nemendur lærðu að teikna vöðva líkamans

og fengu kennslu í líffærafræði undir handleiðslu læknis. Kjarval var agaður og einarður í því að ná tókum á teikningunni og tók gríðarlegum framförum á námsárunum. Hann náði góðu valdi á að teikna mannslíkamann og sú færni bjó með honum alla tíð.

Kjarval útskrifaðist úr skólanum í desember 1917 en bjó og starfaði í Damörku í fimm ár að loknu námi. Þar eignaðist hann líka fjölskyldu en Kjarval og rithöfundurinn Tove Merrild gengu í hjónaband 1915 og börn þeirra tvö, Aase og Sveinn, fæddust 1916 og 1919. Kjarval varði talsverðum tíma á Íslandi á meðan hann var búsettur í Danmörku, stundum mánaðarlangt og málaði þar og vann að ýmsum verkefnum.

Árið 1920 fékk Kjarval styrk á fjárlögum til Rómferðar og hélt þangað ásamt Tove á vordögum og ferðaðist um Ítalíu fram á haust. Þau ferðuðust með lestum og heimsóttu auk Rómar meðal annars borgirnar Tívoli, Genóa, Napólí, Amalfi og Ravello. Þau dvöldu dágóðan tíma í Fiesole rétt fyrir utan Flórens og tóku þar á leigu herbergi þar sem Kjarval málaði og Tove skrifaði. Ferðin til Ítalíu var mikilvægur liður í því að eflast sem listamaður og Kjarval notaði tímann vel til að kynnst ítalskri menningararfleifið, skoða söfn, styttur, minnisvarða og mannvirki. Kjarval vann mikið og kom aftur til Kaupmannahafnar með fjölda verka, aðallega vatnslita- og pensilteikningar. Kjarval skrifaði Einari Jónssyni bréf frá Róm þar sem hann sagði að þrennt hefði heillað sig: Málverk eftir Tizian, veggmálverk Michelangelos af dómsdegi í Sístínsku kapellunni og rómversku rústinarn. Verkin sem Kjarval vann á Ítalíu og eftir að þaðan var komið bera ferðinni skýr merki en frá þeim tíma eru verkin *Divina Comedia* og *Pantheon*. Auk þess vann hann margar myndir af ítölsku borgarlandslagi og mannamyndir af fólkinu sem varð á vegi hans. Ítalskur arkitektúr heillaði hann og byggingar og mannvirki rötuðu inn í myndir hans. Hann hafði sterkar skoðanir á byggingarlist og rýndi í og greindi mismunandi stíla.

Kjarval var alkominn til Íslands árið 1922 og settist að með fjölskyldu sinni á Freyjugötu. Fljótlega fór að halla undan fæti í hjónabandi þeirra Tove og árið 1924 flutti hún aftur til Danmerkur með börnin og gengið var frá skilnaði þeirra árið 1926.

Kjarval ferðaðist ekki mikið eftir að hann flutti til Íslands en í janúar 1928 rættist þó langþráður draumur þegar hann hélt til Frakklands þar sem hann dvaldi í tæpt hálf t. á. Hann hafði vinnustofu í París og var einnig í Fontainebleau-skógi utan við borgina. Í Frakklandi endurnýjaði Kjarval kynni sín af heimslistinni en París var mikil heimsborg þar sem stefnum, straumum og stílum ægði saman. Í verkum sem Kjarval vann á Íslandi eftir að frá Frakklandi var komið gætir augljósra kúbískra áhrifa, svo greinilegt er að hreyfingin hefur verið alltumlykjandi.

Þau verk sem liggja eftir Kjarval frá dvöl- inni í París eru þó af allt öðrum meiddi. Ekki eru miklar heimildir varðveittar frá Frakk- landstímanum en röð skógarmynda úr Fontainebleau-skógi ber skýrt vitni um hvað það var sem fangaði athygli og tíma Kjarvals meðan hann dvaldi þar. Í skóginum fetaði Kjarval í spor listamanna liðinna alda sem höfðu haft skóginn að dvalarstað og myndefni við vinnu sína. Fontainebleau- skógur hafði snemma á 19. öld orðið vett- vangur nýrrar vinnuaðferðar listamanna sem vildu mála beint eftir náttúrunni, *en plein air*. Kjarval leikur sér í verkunum með arfleifð impressjónismans og gerir atlögu að því að fanga síbreytileg lita- og ljós- brigði skógarins. Litirnir eru mjúkir og eilítið rómantískir, olían létt og leikandi og gjarnan gliittir í hvítan grunninn.

Kjarval kom aftur til Íslands í byrjun júlí 1928, með viðkomu í Lundúnum og Edinborg. Nokkrar myndanna sem hann vann í Frakk- landi sýndi hann í skemmuglugga Haraldar Árnasonar að Austurstræti 22 í febrúar 1929. Fallega var skrifað um sýninguna í Vísi en þar eru myndirnar sagðar „meðal hins fremsta sem eftir íslenska listmálara liggur“.

„Eru þessar myndir svo sannar að þær eru góð upplýsing fyrir þá sem aldrei hafa í skóg komið.“

Ári eftir Frakklandsdvölinu urðu kaflaskil í list Kjarvals þegar hann ákvað að leggja íslenskt landslag fyrir sig og leggjast út við iðju sína „við vernd alnáttúru“ eins og hann komst sjálfur að orði. Allt sem á undan hafði gengið í lífi hans og ferli, klassískt listnám, rann- sóknar- og vinnuferðir til ólíkra borga og tilraunir með mismunandi stefnum og stíla, var liður í því að hann mótaði sitt persónu- lega myndmál. Það sem eftir var ævinnar ferðaðist Kjarval ekki mikið en fór þó í nokkrar styttri ferðir til Danmerkur, auk þess sem hann heimsótti Ítalíu öðru sinni þegar hann var kominn á háan aldur árið 1966. Verkin hans urðu þó víðförl og eru það enn í dag, en þau ferðuðust á ýmsar sýningar. Þar á meðal á Fenejvatvíringinn í myndlist árið 1960 þegar Kjarval og Ásmundur Sveinsson voru fyrstu fulltrúar Íslands þar.

Verkin á sýningunni *Að utan* birta áhrif og upplifun Kjarvals af þeim fjórum löndum þar sem hann dvaldi hvað lengst og málaði mest utan landsteina Íslands; England, Danmörk, Ítalía og Frakkland. Við blasa dönsk stræti og skógarnir í Charlottenlund, dómkirkjan í Flórens, portrett-myndir af ítölskum kunn- ingjum og röð franskra skógarmynda. Verkin eru öll gerð fyrir 1929 en upp frá því varð íslenskt landslag aðalviðfangsefni hans. Áhrifa og innblásturs af dvöl Kjarvals í hringiðu klassíkur og framúrstefnu framan af ferlinum gætti þó í verkum hans alla tíð.

Edda Halldórsdóttir

Helstu heimildir:
Kjarval 1885–1972, Nesútgáfan 2005
Heimildasafn Kjarvals
hjá Listasafni Reykjavíkur

From Abroad

Jóhannes Sveinsson Kjarval (1885–1972) is one of Iceland's most revered artists, his paintings and interpretations of Icelandic nature are pivotal in the country's history of culture and art. Lava, moss, rivers and mountains around the country were a constant source of inspiration for him to create new work and he is said to have drawn the Icelanders' attention to new sides of the landscape. In spite of Kjarval's unswerving connection to Icelandic nature, he also travelled widely and created abroad. He studied in Denmark and spent time in England, Italy and France. He was very determined to complete his art education, and interested in getting to know key works in international cultural history first-hand and learning latest trends in contemporary art.

The exhibition holds works which Kjarval painted between 1911 and 1928, all of which are from outside Iceland. These are paintings and drawings which are rarely seen and offer an insight into Kjarval's formative years and his influences.

Kjarval was a country lad and a fisherman, with his heart set on becoming a painter. He had studied basic drawing and painting in Reykjavík and for a long time fought to be able to study outside Iceland. He could not afford it but had a supporting group of friends who recognised his talent and passion to become an artist. Members of the Reykjavík Youth Association stepped in and held a lottery where one of Kjarval's paintings was the prize, a dreamlike landscape titled *Í afðöllum* (In a Remote Valley). All profits from the lottery went to Kjarval's travel fund.

"On the day when I received the 800 kronur, I went aboard a trawler and sailed straight to London. I couldn't imagine visiting a smaller city, once I finally got going."

Those are the words of Kjarval himself about when he went on his first trip abroad, at the age of 26. He sailed to London with the trawler Great Admiral, late in 1911. There he stayed for around three months and was greatly influenced by many things. He was

tremendously inspired, painted, read a lot and became acquainted with all the latest art and culture trends in the big city. Kjarval stepped directly into the avant-garde whirlpool, where resistance to prevailing art movements and the classic school of art simmered among the artists. It is likely that both the classic art and the new trends were quite overwhelming for Kjarval, as he'd had access to neither of them in Iceland. He later spoke of having keenly felt the insignificance of himself and the Icelandic people when face to face with great art of major countries. "We have been lacking in so much; also that which we believe can bring us fame and use and beauty in our lives, namely the so-called arts."

In London, Kjarval became acquainted with sculptor Einar Jónsson and they, along with author Helgi Valtýsson, decided to find a place together. Helgi mentions this in a fun manner in an article in *Morgunblaðið* in 1964 and describes their home and circumstances. They had two rooms in a private home with a good family in a "small and quiet cul-de-sac" in King's Cross. Kjarval had brought "quite a collection of his early works: Water colours, oil paintings and drawings". They hung many of the pictures in the living room and Einar added a few photos and small casts of his works. Thus the living room became a small art museum; "a tiny Icelandic smallholding in the heart of the metropolis!"

Kjarval himself reckoned he had improved more as a painter on his short stay in London than in all his years in Iceland until then. His improvement was completely spontaneous, through the myriad of inspiration and stimulation which the city offered. He was open to anything, ready to learn from everything and took advantage of it although he did not study in London. Many of his paintings are obviously inspired by his stay in the city and his encounter with the works of European artists in the National Gallery and Tate Gallery, and also the English William Blake and J.M.W. Turner. The subjects were often Icelandic but the style was new.

From London, Kjarval travelled to Copenhagen, along with Einar Jónsson, on 1 March, 1912. There he was admitted to The Technical Society's School, where he learned the basics of freehand, three-dimensional and shadow drawing in 1912–13. His friendship with Einar Jónsson continued and shortly after his arrival, Kjarval also met author Jóhann Sigurjónsson. In the beginning, he was either registered as living with Einar, or with Jóhann and his wife Ingeborg in Charlottenlund. He painted a lot in the woods there and from this period many forest images lie behind.

Kjarval was constantly broke, the studies were expensive and so was life. However, he had many benefactors who supported him in many ways and sent him money. Obviously, people had high hopes for Kjarval and believed in his talent. For example, his ex-colleagues at Aldan Merchant Union sent him money and "best wishes of fame and fortune".

In October 1913, Kjarval was finally admitted at The Royal Art Academy, and so began for real the professional art education he had long desired. The academy was housed in Charlottenburg Palace at Kongens Nytorv. It was considered old fashioned, very traditional and out of touch with the radical movements which were arising among young artists. Kjarval realised his lack of education, as well as his countrymen's, and thought the only way forward was to finish these traditional studies and work hard. There was great focus on model and perspective drawing, students learned to draw the muscles of the human body, as well as being taught anatomy by a doctor. Kjarval was disciplined and dedicated to mastering drawing and improved greatly during his years of study. He became very adept at drawing the human body and this skill served him well from then on.

Kjarval graduated in 1917 but lived and worked in Denmark for five more years. He married author Tove Merrild in 1915 and their two children, Aase and Sveinn, were born in 1916 and 1919. Kjarval spent some

time in Iceland while he lived in Denmark, sometimes for a whole month, painting and working on various projects.

In 1920, Kjarval was awarded a grant to travel to Rome. He set off with Tove in the spring and travelled around Italy until autumn. They travelled by train and, apart from Rome, visited Tivoli, Genoa, Amalfi and Ravello, among other places. For a period of time they stayed in Fiesole, just outside Florence, and rented a room where Kjarval painted and Tove wrote. The trip to Italy was an important part of his development as an artist and he used the time to acquaint himself with Italian cultural heritage, museums, statues, memorials and buildings. Kjarval was very industrious in Italy and returned to Copenhagen with numerous artworks, mainly water colours and brush drawings. From Rome, he wrote a letter to Einar Jónsson, where he claimed to have been captivated by three things: Paintings by Titian, Michelangelo's mural of Doomsday in the Sistine Chapel, and the Roman ruins. The works which Kjarval created in Italy and upon his return are clearly influenced by the trip, among them are *Divina Comedia* and *Pantheon*, as well as many images of Italian urban landscape and portraits of people he met. He was captivated by Italian architecture, buildings and structures found their way into his paintings. Kjarval held strong views on architecture, scrutinising and analysing different styles.

In 1922, Kjarval and his family moved to Iceland and settled in Freyjugata. Soon, the marriage started to disintegrate and in 1924, Tove moved back to Denmark with the children. The divorce was finalised in 1926.

Kjarval didn't travel much after that, but in January 1928, a long-awaited dream came true when he travelled to France, where he stayed for almost six months. He had a studio in Paris and also stayed in Fontainebleau Forest outside the city. In France, Kjarval renewed his acquaintance with world art; Paris was a cosmopolitan city where multitudes of movements, trends and styles came together. In Kjarval's

paintings from Iceland, after his return from France, there are obvious Cubist influences, which show how all-encompassing the movement was.

The paintings from Kjarval's stay in Paris, however, are quite different. There is not a lot of documentation from his time there, but a series of paintings from Fontainebleau Forest shows us clearly what captured the artist's attention while he stayed there. He followed in the footsteps of artists through the ages which had dwelt and painted in the forest. Early in the 19th century, Fontainebleau Forest became the scene of a new artistic method of painting straight from nature, *en plein air*. In his paintings, Kjarval plays around with the Impressionistic heritage, attempting to capture the ever-changing colours and light in the woodland. The shades are soft and slightly romantic; the oil light and playful, the white background shines through in places.

Kjarval returned to Iceland in early July 1928, with a stopover in London and Edinburgh. A few of his paintings from France were exhibited in the windows of Haraldur Árnason's storehouse at 22 Austurstræti in February 1929. The exhibition was praised in the newspaper *Vísir* where the paintings are said "among the best works by an Icelandic artist".

"These paintings are so true that they offer a realistic glimpse for those who have never been in a forest."

A year after his stay in France, Kjarval reached a turning point in his career, when he decided to focus on Icelandic nature and paint outdoors, "protected by the whole of nature" as he put it. Everything before that, his classic studies, research and work trips to different cities and experiments with trends and styles, contributed to his forming of his own personal imagery. He didn't travel much after this, apart from a few short trips to Denmark and another to Italy in 1966, when he had become an old man. His works, however, travelled widely and still do, to various exhibitions, including

the Venice Art Biennale in 1960, when Kjarval and Ásmundur Sveinsson were the first Icelandic representatives there.

The works in the exhibition *From Abroad* show Kjarval's experience and influence from the four places where he stayed the longest and painted the most, outside Iceland; London, Denmark, Italy and France. We see Danish streets and the woods in Charlottenlund, the Cathedral in Florence, portraits of Italian friends and a series of French forest paintings. The paintings all date from before 1929, but from then on Icelandic landscape became his main subject, although the influence and effect of his stay in the whirlpool of classical and avant-garde art was always clearly visible.

Edda Halldórsdóttir

Sources:

Kjarval 1885–1972,
Nesútgáfa Publishing 2005

Kjarval's source materials,
Reykjavík Art Museum

Dagskrá

Program

Jóhannes S. Kjarval

Að utan

From Abroad

22.02.–03.05.2020

Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir

Reykjavík Art Museum – Kjarvalsstaðir

Sýningarstjóri Curator

Edda Halldórsdóttir

Þýðing Translation

Ingunn Snædal

Laugardagur 7. mars 13.00

Leikum að list – listasmiðja

Saturday 7 March 13h00

Let's Play Art – Workshop

Laugardagur 21. mars 13.00

Leikum að list – fjölskylduleiðsögn

Saturday 21 March 13h00

Let's Play Art – Family Tour

Sunnudagur 22. mars 14.00

Leiðsögn sýningarstjóra

Sunday 22 March 14h00

Curator's Talk

Nánari upplýsingar um leiðsagnir og dagskrá á heimasíðu safnsins

Further information on guided tours and program on museum website

Stórir og smáir hópar geta bókað sérleiðsögn

Small or large groups can book private tours

Listasafn Reykjavíkur þakkar Einkasafni Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur, Listasafni Íslands, Þjóðminjasafni Íslands og öðrum stofnunum og einkaaðilum sem lánuðu verk á sýninguna eða aðstoðuðu við undirbúning hennar með öðrum hætti

Reykjavík Art Museum wishes to thank the private collection of Þorvaldur Guðmundsson and Ingibjörg Guðmundsdóttir, the National Gallery of Iceland, the National Museum of Iceland, and other museums, institutions and private parties who kindly lent works to the exhibition



Kjarvalsstaðir
Flókagata 24
105 Reykjavík
+354 411 6420

Opið daglega
Frá 10.00 til 17.00
Open daily
10h00–17h00

listasafnreykjavikur.is
artmuseum.is
#listasafnreykjavikur
#reykjavikartmuseum

ICELANDAIR